

Mál nr. 117/2010

**M
og
váttryggingafélagið X v/ slysáttryggingar ökumanns.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysáttryggingu ökumanns vegna slyss þann 14.12.2009.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 20.4.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 30.4.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni, A, áleiðis út úr bílakjallara. Hún kvað hafa drepist á vél A í miðri innkeyrslunni. Hún hafi ekki getað skilið A eftir þar og því ákveðið að reyna að ýta henni aftur á bak í bifreiðastæði. Hún hafi staðið hálf inni í A og með annan fótinn úti til að ýta. Smá halli hafi verið á gólfinu og skyndilega hafi A byrjað að renna hratt niður akbrautina. Hún hafi ætlað að toga í handbremsuna þar sem hún veitti því athygli að hún var að renna á kyrrstæðar bifreiðir. Hún hafi því gripið í stýrið en ekki náð að grípa í handbremsuna þar sem hún hafi dregist undir A. Hafi A stöðvast ofan á vinstri fótlegg hennar. Hafi hún hlotið mar á fætinum.

M hefur krafist bóta úr lögmælti slysáttryggingu A hjá váttryggingafélaginu X vegna líkamstjóns síns. X hefur hafnað bótaskyldu á þeim forsendum að slysið falli ekki undir gildissvið váttryggingarinnar auk þess sem M hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi.

Álit.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal hver ökumaður sem stjórnar ökutæki vera tryggður sérstakri slysáttryggingu og skal váttryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna. Drepist hafði á vél A er hún var á leið út úr bílakjallaranum. Var A að ýta bifreiðinni til að koma henni af akbraut þegar slysið varð. A var þá á hreyfingu þótt það hafi ekki verið fyrir eigin vélarafli. Einkum vegna þunga A varð hraði hennar meiri en M réð við. Leiddi það til þess að M tókst ekki að ná til handhemils og stöðva A áður en svo hrapallega fór að annar fótur M festist undir A. Verður slysið þannig rakið notkunar ökutækisins í skilningi 88. gr. ufl. og ekki fer á milli mála að M var stjórnandi A í umrætt sinn. Fellur slysið því undir slysáttrygginguna. M hafði réttmæta ástæðu til færa A af akbrautinni. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með neinni vissu að M hafi mátt sjá fyrir að hættulegt gæti verið að ýta bifreiðinni með þeim hætti sem hún gerði. Þykir ekki hafa verið sýnt fram á að M hafi sýnt af sér háttsemi sem verður virt henni til stórkostlegs gáleysis. Að svo vöxnu eru ekki efni til að skerða rétt hennar til bóta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysáttryggingu ökumanns hjá X.

Reykjavík, 18. maí 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.